

POLAR
RAFGEYMAR
618401


**LAGERVERÐ Á
VERKFÆRUM**

**FJÖLBREYTT
ÚRVAL**

**ÍS
BROT**

Kaplahrauni 5, 220 Hafnarfjörður
sími 653090 - fax 650120

Alternatorar & startarar
í bíla, báta, vörubíla og vinnuvélur.



Mjög hagstætt verð. Póstsendum.

BÍLARAF

Borgartúni 19, sími 24700

K
KOMPASS

KOMPASS vísar
nýjum viðskiptaaðila
á þig.

Sími 91-654690
Fax 91-654692

Bæjarhrauni 10 - 200 Hafnarfirði


**TILBOÐ Á CASIO
REIKNITÖLVUM**



FX-
570AD

Kr. 1.990

FX-
82LB




Kr. 1.360

**Póstsendum
Regnbogaframköllun**

Síðumúla 34
Sími 682820

Smáauglýsingar

■ Fasteignir



110, 121, 137 og 150 m² íbúðarhús. Húsin eru íslensk smíði en byggð úr sérþurrkuðum norskum smíðaviði. Þau eru byggð eftir ströngustu kröfum Rannsóknastofnunar byggingar- iðnaðarins. Húsin kosta uppsett frá kr. 5,1 millj., með eldhúsinnréttingu og hreinlætistækjum (plata, undirst., vatns- og raflögn ekki innreiknuð). Húsin eru fánleg á ýmsum byggingarstigum. Húsin standast kröfur hús- næðislánakerfisins. Teikningar sendar að kostnaðarlausu. Íslensk-skandinaviska hf., s. 670470.

■ Vörubílar



Scania 140, árg. '76, til sölu, öflugur grjótpallur með loftvör og neftjakk. Ódýr, mjög þokkalegur bíll en þarf- ast aðhlynnningar, m.a. fyrir skoðun. S. 91-682190 og 91-679350 á kvöldin.

■ Bílar til sölu



Subaru 1,8 GL station, árg. '87, til sölu, sjálfskiptur, samlæsingar, rafdrifnir speglar, vökva- og veltistýri, ekinn 97 þús. km, skoðaður '94. Upplýsingar í síma 91-666398.

■ Jeppar



Jeep Comanche, árg. 1988, til sölu, mikið breyttur, góður bíll. Upplýsingar hjá Bílabankanum, síma 91-611010.

■ Ýmislegt




Hárgreiðslustofan
Apna

Leirubakka 36 ☎ 72053

20% afsláttur af permanenti og stripum.

■ Líkamsrækt



Þær tala sínu máli! Ótrúlegt en satt. Heilsustúdíó Mariu býður upp á cellulite meðferð, 10 t., kr. 18.500, Trim-Form, 10 t., kr. 5.900, háráðaslit- meðferð, vöðvabólgu meðferð, gervineglur o.fl. Tímápannt. í s. 36677.

Menning

Yfirlitssýning á verkum Gunnlaugs Blöndals að Kjarvalsstöðum:

Þokkinn og þjáningin

Fátt er erfiðara í sambúðinni við lífið en sannleikurinn. Mannskepnan hefur búið sér fleiri blekkingarvefi utan um hann en nokkuð annað. Til að forðast hann. Því að hann meiðir, ristir sálina, kremur og mer og grætir. Hann er í einu orði sagt óþolandi. Samt er ekki hægt að vera án hans. Þetta er undirstöðupversögn í lífinu og óumbreytanleg. Auk alls er hann einnig hverfull og óinánlegur í stöðugri og uppþrengjandi nálægð sinni.


Góð list birtir mönnum sannleikann í mismunandi formi og á mismunandi hátt, oft fyrirvaralaust og úr launsátri. Þessi uppátæki óvissunnar geta gert manni kleift að gleyma hörmungum gærdagsins og færa manni þá spennu forvitninnar sem framkallar löngun til að gægjast fyrir hornið eða skoða fjöllin hinum megin frá.

Á laugardaginn var opnuð yfirlitssýning á verkum Gunnlaugs Blöndals að Kjarvalsstöðum í tilefni af hundrað ára árstíð hans. Sýningin hefst í París. Þaðan

Myndlist

Úlfar Þormóðsson

eru ljóðrænar og þokkafullar myndir frá Signubökkum málaðar með pastel og olíulitum. Verk hins þróttmikla og æskuglaða manns. Þaðan eru einnig margar konumyndir, kannski leyndardómsfyllstu konumyndir sem málaðar hafa verið með íslenskum höndum. Þarna er stúlka með blóm í hári, óspillt og ögrandi í roða eftirvæntingarinnar; sofandi kona sem hefur höndlað frið þeirrar fullnægju sem ein veitir þá hvíld sem endurnærir; hin þokkafulla kona reynslunnar (Módel frá 1936) sem tekist hefur að snúa þannig á lífið sjálft að duttlungar óvissunnar ná aldrei að hrella hana eða hrekkja og hin glaðværa stúlka með greiðu sem býr yfir því leyndarmáli sem frá verður sagt í heitu rökkri. Þarna eru einnig litríkar og vasklegar stúlkur sildarævintýrisins, vinnandi nokkrar og hugsandi aðrar með óvissu óþekktar sektarkenndar í augunum. Síðan gerast þær bitrari og þvo sér með lokuð augu, leggjast fölar á brennandi flöt reynslunnar með strekktan líkama, konur sem vita of mikið til að skilja, og loks hin herpta kona sem lífið hefur sögð merginn úr og fært þjáningu að launum og þá hrottafengnu spurning: hvað gerði ég af mér? Og fyrir þér lýkur sýningunni frammi fyrir tómlátum augum og rúnum ristur andliti listamannsins sem malar sig á léreftið við



Eitt verka Gunnlaugs Blöndals á sýningunni.

ferðalok á dánarári.

Ekkert fer eins illa með manninn og lífið sem hann ræður svo sem engu um því það er jafnóumflýjanlegt og sannleikurinn, jafn fagurt og þokkafullt. Jafn þjáningarfult í vægðarleysi sínu og jafn andstyggilega óþreifanlegt lengstum stundum. Ef. Ef það er án ferðarinnar, gleðinnar og ástarinnar.

Rétt eins og góð list birtir mönnum sanleikann felst einnig í henni leiðsögn, jafnvel boðun: það er dagurinn og stundin, hin eilífa nútíð sem ein býr yfir hinu höndlanlega. Þarna er mikil list og þakkarverð sýning.

Örlitil ábending

Enginn skyldi halda að á sýningu Blöndals væru eingöngu konumyndir. Þarna eru portret og uppstillingar, landið og miðin, fjöllin, vötnin, lækirnir og meira af því lífi sem í kringum okkur er. Það er hins vegar undir duttlungum óvissunnar komið hver meðvitundin vakir þegar komið er á sýningu. Því er þessi umsögn með þessum hætti og engum öðrum.

Uppróðun mynda og skipulag sýningarinnar er með því besta sem ég hef lengi séð á Kjarvalsstöðum. Fyrir það má þakka.

Það eru hins vegar vandræði með sýningarskrána. Hún er hvorki bók né sýningarskrá. Bæklingur innan harðra spjalda. Gagnlegar upplýsingar og ljúfar kveðjur til listamannsins. Eilítill minning þegar heim er komið. Einhvern veginn er ég ekki alveg sáttur við þetta; það hefði þurft svo lítið til að gera úr bæklingnum sýningarskrá. Meira að segja veglega. Sem er fremur sjaldgæft.

Arkitektúr og standljóð

Á laugardaginn var opnuð sýning fimm norrænna arkitekta á Kjarvalsstöðum, farandsýning frá Norðurlöndum sem lagði af stað í Finnlandi. Kynning á verkum þeirra er hið rétta.

Allan liðlangan daginn er maður inni í arkitektúr eða á rjáltri umhverfis hann. Og nóttina líka. Samt kann maður ósköp lítið um arkitektúr. Manni þykir hann fallegur og eða ljótur eftir atvikum og sá arkitektúr sem maður býr í eða lifir í finnst manni annað hvort óhentugur eða hið gagnstæða. Oftast finnst manni kannski ekkert. Vegna þess að manneskjan fær enga undirstöðufræðslu um þennan grunnþátt hins daglega lífs síns.

Og ekki ég heldur.

Þess vegna spurði ég arkitekt: Hvernig er sýningin? Jú, sagði hann, jú, jú.

Ég spurði annan, konu: Svolítið samþjöppuð, gagnsæ og opin og taktföst og þyngslaleg spennu á svæðinu...

Ég varð svolítil nær. En fór að horfa í kringum mig. Sem sýning fannst mér fara vel á hlutunum sem þarna voru. Mér fannst líka gagnlegt að sjá skissur að uppdráttum og uppdrætti að mólum. Margt fall og vel gert. En ég þurfti lengri tíma, leiðsögn, hjálp. Samt vaknaði nú forvitnin og ég ætla aftur annan dag.

Standljóð

Kjarvalsstaðir hafa sýnt á veggjum sínum ljóð nokkur undangengin misseri. Þetta gæti verið gagnlegt fyrir ljóðið, skáldið og þjóðina. En ég efast um að svo sé. Eins og að þessum sýningum er staðið. Núna eru þarna ljóð eftir Hannes Pétursson sem er afbragðs skáld og alls góðs maklegur sem hægt er að finna til handa lifandi skáldum. En ljóð, jafnvel eftir Hannes, með svörtu lettri á hvítan flöt eða hvítu lettri á svartan flöt hang-

andi á vegg eru ekki lengur ljóð. Ekki nema þá standljóð, sem enginn veit hvað er annað en texti sem þú lest standandi upp á endann með verk í kálfunum eða mjóhryggnum. Ljóð eru ferðalög, hugarflug og sýn, stundum einkamál höfundarins, of oft lesandans, stundum þeirra tveggja tal í næði.

Ég settist í kaffistofuna og horfði á þjóðina ganga

Myndlist

Úlfar Þormóðsson

um sýningarsal ljóðanna. Ég taldi 29 á 7 mínútum. Tveir stoppuðu og lásu. Ég tók tímann og skenkti mér þann sama til að lesa standljóð. Ég las fimm línur af átta á þessum skammtaða tíma, er að vísu seinnlæs.

Ljóð mættu fara víðar. En þau halda áfram að vera einkamál. Það mættu samt vera til standljóð. En það þarf þá að gera eitthvað meira fyrir þau en prenta þau með stóru lettri svört á hvít eða hvít á svart. Standljóðum þarf að fylgja einhver ögrun til eintals á almannaferi. Tæknin leyfir að þeim sé ljáð rödd eða mynd. Geriði þetta nú næst, ef þið meinið eitthvað með ljóðasýningunum annað en viðra ykkur upp við skáld. Kassa-Kjarval

Á sóðabúllum heimsins eru myndir af frönskum kartöflum, hamborgurum, lasónjum, sjeik og tertum í ógeðslegum litum. Talið listaukandi og söluhvetjandi.

Listfræðingarnir á Kjarvalsstöðum hafa sett Kjarval í kassa fyrir ofan terturnar og kaffið. Baklýstar litfilmur í búllukassa.

Ég er orðlaus. Og hætti.